

Milligróf Múrblanda



Efnislýsing

Milligróf Múrblanda er slitsterkt, sementsbundið steypu og múrviðgerðarefni, með mjög góða viðloðun. Frostþolið og vatnsþétt þegar fullri hörku er náð. Framleitt úr Portlandsementi, ofnþurkuðum kvartssandi 0-2mm ásamt íblöndunnarefnum til að auka viðloðun og vinnslueinleika.

Notkunarsvið

Milligróf Múrblanda er alhliða milligróf tilbúin múrblanda sem þarf einungis að blanda með köldu vatni og er þá tilbúin til notkunar. Múrblandan hentar í alhliða múrviðgerðir úti sem inni, s.s. tröppur, steypa sólbekki, veggj, gólf o.s.fr

Undirvinna

Viðgerðarflöturinn skal vera hreinn og laus við lausan múr, sementslamma, raka, fitu og önnur óhreinindi sem komið geta í veg fyrir góða viðloðun. Ef skemmdin nær inn í járn skal fjarlægja alla lausa steypu frá járninu og hreinsa járníð með sandblásara eða slípirokk Berið síðan á járníð Murexin Repol BS7 sem er sementsbundið ryðvarnarefni.

Grunnur

Bleyta þarf undirlagið fyrir lögn. Mjög rakadrægt undirlag þarf að bleyta vel daginn áður. Í mjög erfiðum aðstæðum er gott að bleyta fyrst undirlagið, hræra síðan saman slamma úr vatni og múrblöndunni og kústa því á flötinn

Þykktarsvið

Á sterkt undirlag, svo sem steinsteypta fleti 2-10mm

Blöndun og lögn

Setjið 1 poka af Múrblöndu (18kg) út í 2,16 lítra af vatni. Hrærið vel með hæggengri borvél í 2-3 mín eða þar til blandan er orðin kekkjalaus. Kastið eða dragið efnið á flötinn. Réttið af með réttsskeið eða hallamáli, og þússið efnið til að fá endalegt yfirborð. Hitastig verður að vera minnst 5°C í 12 tíma eftir notkun. Ef hætta er á að efnið þorni of hratt, þarf að verja það með því að væta svæðið eða breiða plast yfir það í 5-7daga eftir lögn.

Efnisnotkun

5 mm þykkt 10 kg/m²
10 mm þykkt 20 kg/m²

Athugið

Með raka eða vatni virkar efnið eins og önnur múrefni, ertandi, á húð, slímhimnu í augum og öndunarvegi. Það er því ráðlagt að nota hlífðarbúnað svo sem rykgrímur, öryggisgleraugu og hanska.

Annað

Þar sem aðstæður og vinnubrögð geta verið mismunandi, skal líta á þessar upplýsingar sem leiðbeinandi. Leitið alltaf ráða hjá sölumönnum ef ykkur finnst ástæða til. Ekki má blanda öðrum efnum saman við Múrblönduna, þar sem það breytir eiginleikum efnisins og kemur niður á gæðum þess.

Eiginleikar Milligrófrar Múrblöndu

Þykkt min	2mm
Þykkt max	10mm
Þrýstipól	20 Mpa
Kornastærð	Ofnþurkkaður nátturusangdur 0-2mm
Hitastig	5°-25°C
Notkunartími	Ca 60 mín
Hörðun	Byrjar eftir 2-4 klst
Full hörðun	28 dagar